

## **120. Frumvarp**

til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óráttuðu landi bæjarins, án endurgjalds, nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu álitni sóknarnefndar.

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sjer kirkjugarðsmálefni bæjarins að

öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkju-  
málaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna leg-  
kaup til rikissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

#### Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram til að flýta ákvörðun um nýjan kirkjugarð  
fyrir höfuðstaðinn. Mistök í þessu efni hafa orðið landinu dýr. Fyrir nokkr-  
um árum keypti landið mel hjá gamla kirkjugarðinum fyrir rúm 20 þús. kr.,  
og hefir látið flytja þangað mold til að gera staðinn að grafreit. Sú umbót  
hefir kostað rikissjóð 80 þús. kr.